



Ljóðasamkeppni Norðurorku

Norðurorka efnir til ljóðasamkeppni meðal grunnskólabarna á þjónustusvæði sínu í Eyjafirði undir yfirskriftinni

Vatnið

Hvað dettur okkur í hug þegar við förum yfir venjulegan dag í lífi okkar og skoðum hvenær og hvernig við notum vatnið. Til hvers er vatnið notað? Við drekkum það, notum það í matreiðslu og hitum húsin með því. Við böðum okkur í því, syndum í því og búum til rafmagn með því. Vatnið er notað út um allt. Vatnið er ekki bara dásamlegt, það er líka lífsnauðsynlegt. En hvaðan kemur það? Hvernig kemst það í húsin til okkar? Hvert fer það þegar við erum búin að nota það? Út í náttúrunni sjáum við vatnið í ám, lækjum og vötnum og stundum rignir.

Ljóðasamkeppni nemenda grunnskólanna í Fjallabyggð, Hrísey, Hörgársveit, Akureyri, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppi og Grýtubakkahreppi.

Keppt er í þremur flokkum

- (1) nemendur í 1. – 4. bekk
- (2) nemendur í 5. – 7. bekk
- (3) nemendur í 8. – 10. bekk

Ljóðunum geta nemendur skilað á skrifstofu skólans síns eða sent þau í pósti til Norðurorku, Rangárvöllum, 603 Akureyri – merkt ljóðasamkeppni. Í ljóðabréfinu þarf að koma fram heiti ljóðsins, nafn höfundar og heimilisfang, sími og/eða netfang, skóli og bekkur. Þátttökublöðum verður dreift í grunnskólunum.

Verðlaun verða veitt fyrir fyrsta, annað og þriðja sætið í hverjum flokki. Dómnefnd skipa Reynir Hjartarson kennari og Hólmfríður Andersdóttir bókavörður hjá Amtsbókasafninu á Akureyri og Birgir Sveinbjörnsson kennari, með dómnefndinni starfar fulltrúi Norðurorku Baldur Dýrfjörð.

Skilafrestur er til 13. maí 2011.

Nánari upplýsingar og skýringar má finna á heimasíðu Norðurorku www.no.is